

## Fylgiblað með fjallskilaseðli

Dagsverkið er metið á 10.000 kr.

Hver kind til fjallskila er metin á 650 kr.

Þá er lagt á 1% gjald á fasteignamat lands bújarða, jafnt þó í eyði séu skv. heimild í 11. gr. fjallskilasamþykktar Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps nr. 683/2015.

Farið verður í 1. leit A föstudaginn 16. september.

Farið verður í 1. leit B sunnudaginn 18. september.

Farið verður í 2. leit A laugardaginn 1. október.

Farið verður í 2. leit B sunnudaginn 2. október.

Farið verður í 3. leit laugardaginn 15. október.

Leitarmenn í 1.B mæti á Grímsstaðareyrum **kl. 7:30** sunnudaginn 18.9.

Leitarmenn í 2.A, 2.B og 3.leit mæti á Grímsstaðareyrum **kl. 6:30** á leitardegi.

Leitarstjóri í fyrstu leit verður Páll Svansson frá Álftártungu og í annarri og þriðju leit er Guðmundur Páll Sturluson frá Arnarstapa.

1. Rétt verður þriðjudaginn 20. september og hefst **kl. 10:00**.
2. Rétt verður mánudaginn 3.október og hefst **kl. 14:00**.
3. Rétt verður mánudaginn 10. október og hefst **kl. 14:00**.

Réttarstjóri í öllum réttum verður Gylfi Jónsson á Miðhúsum og synir hans til aðstoðar.

Matselja verður í 1. leit. Matarkostnaður verður kr. 6.000 á hvern leitarman.

Farangri verður að koma í veg fyrir bíl matselju eða að Valshamri fyrir **kl. 14:00** á fjallreiðardag.

Áriðandi er að þeir sem senda fólk í leitir sjái um að það sé vel útbúið, í hlýjum fötum með vatnsheldan hlífðarfatnað í skærum litum. Fólk er beðið um að koma leitarvestum inn í fjallhús ef þau eru hjá þeim. Þá er fólk beðið að tryggja að talstöðvar sem hafðar eru meðferðis virki sem skyldi.

Heimalönd á að smala helgina 8. og 9. október til þriðju réttar. Minnt er á mikilvægi þess að góð samvinna sé milli jarðeigenda eða ábúenda jarðanna, svo bestur árangur náist.

Eigendum og umráðamönnum jarða er sérstaklega bent á þá skyldu að framkvæma þessa smölun, hvort sem jarðir þeirra eru í ábúð eða ekki.

Afréttarnefnd hefur ákveðið að óheimilt er að setja fé úr heimasmölun í safngirðingu fyrr en tveimur dögum áður en réttað verður.

Álftártunga, 29. Ágúst 2016

Afréttarnefnd Álftaneshrepps